

**Sp.**

**853. Lög**

um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Afgreidd frá Sp. 29. maí).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

- a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
- b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegum verkfæra og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.